

## FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
7852-002-FUN-003-V01	Svæðisskipulag Suðurrhálandis	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
06.10.2020 / 07.10.2020	SASS	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
03	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Fyrirkomulag fjarfunda.</li> <li>2. Ferðaþjónusta – vakostagreining.</li> <li>3. Samgöngur – valkostagreining.</li> <li>4. Virkjanir</li> <li>5. Dreifikerfi raforku-valkostagreining</li> <li>6. Verndarheildir og mannvirkjabelti</li> </ol>	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
IS / 07.10.2020	SASS	Fjarfundur
FUNDARMENN	FYRIRTÆKI	
Helgi Kjartansson, Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir, Óttar B. Þráinsson Rósa Matthíasdóttir, Eydís Indriðadóttir Lilja Einarsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Guðmundur Úlfar Gíslason Björgvin Skafti Bjarnason, Ingvar Hjálmarsson Ásta B. Ólafsdóttir Ása Valdís Árnadóttir, Björn Kristinn Pálmarsson Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason Einar Freyr Elínarson, George Frumuselu Helgi Sigurður Haraldsson Eva Björk Harðardóttir, Jóna Björk Jónsdóttir, Bjarki Guðnason, Ólafur Júlíusson Haraldur Eiríksson, Birgir Haraldsson, Ágúst Sigurðsson Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi Gísli Gíslason, Ingibjörg Sveinsdóttir	Bláskógabyggð Flóahreppur Rangárþing eystra Skeiða- og Gnúpverjahreppur Ásahreppur Grímsnes- og Grafningshreppur Hrunamannahreppur Mýrdalshreppur Árborg Skaftárhreppur  Rangárþing ytra UTU Verkfræðistofan EFLA	
DREIFING	FYRIRTÆKI	
Bjarni Guðmundsson	SASS	
NÆSTI FUNDUR		

Skilgreining á vegum og skálum skv. landsskipulagsstefnu  
Uppdrættir af vegum, skálasvæðum, verndarheildum/mannvirkjabeltum,  
háspennulínu yfir Sprengisand.

## 1. Fyrirkomulag fjarfunda

Haldnir voru fjórir fundir, einn fyrir Rangárvallasýslu, annar fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og tveir fyrir Árnessýslu. Á öllum fundum var fjallað um ferðaþjónustu, samgöngur, virkjanir og dreifikerfi raforku, verndarheildir og mannvirkjabelti. Hér að aftan er gerð grein fyrir umræðum á hverjum fundi fyrir sig.

## 2. Fundur 1 – Ásahreppur, Rangárþing ytra og Rangárþing eystra

Farið var yfir landnotkunarflokka sem eru til umfjöllunar í vinnunni. Beltaskipt landnotkun þar sem verða svæði með vernd og belti á milli þeirra þar sem eru helstu mannvirki s.s. vegir og línur, virkjanir og skálar. Verndarsvæðin taka yfir þau svæði sem hafa mest verndargildi, s.s. víðerni, vistgerðir með hátt verndargildi og hraunasvæði að hluta til.

**Sprengisandsleið** verði uppbyggður malarvegur alla leið yfir í Bárðardal. Góð tenging verði milli landshluta. Gengur ekki upp að hafa vegina vonda. Sprengisandsleið skiptir miklu máli en aðrir vegir á svæðinu geta verið í lægri flokki. Sprengisandsleið góður vegur, vegurinn verður alltaf vondur ef ekki er lagt bundið slitlag á hann. Yfirborð vega fýkur burtu ef ekki er sett klæðning á þá. Uppbyggingin er fjárfesting sem má ekki fjúka burtu.

**Kjalvegur** jafngóður eða betri en Sprengisandsleið, liggur lægra yfir sjó.

**Fjallabaksleið nyrðribetri** vegur þar og jafnvel hægt að moka á veturna. Brúa árnar en líka sport í að gusast í ánum. Þarf að vera smávegis torfært, ekki fólksbílafært. Góður sumarvegur með brúuðum ám. Er fær á subaro í dag. Ekki raunhæft að ætla að brúa árnar þar sem enn eru einbreiðar brýr á hringveginum. Heilsársvegur verði í Hólaskjól.

### Aðrir vegir

Almennt þarf betri vegi, er náttúruverndarmál. Slæmir vegir kalla á utanvegaakstur.

Eftir er að taka umræðuna í Rangárþingi eystra um betri veg að göngubrú yfir Markarfljót á mótis við Húsadal, þ.e. norðan ár. Skiptar skoðanir um hvort göngubrúin eigi að koma eða ekki. Frekar er að fjölga þeim sem eru fráhverfir brúnni. Rétt að gera kröfu um góðan veg að göngubrúnni, hvort sem hún kemur eða ekki. Atvinnuskapandi að fá göngubrú og uppbyggingu þjónustu við hana.

Sumarræsi eru á Emstruleiðinni og á veturna rennur framhjá þeim. Það er hægt að lagfæra vegi á þennan hátt.

Vegurinn í Þórsmörk er skelfilegur eins og hann er. Velt upp hugmynd að brúa Markarfljót fyrir bíla, opnar möguleika á hringtengingu. Ekki uppbyggður vegur með brúm að sunnanverðu. Vegurinn getur verið góður þó árnar séu ekki brúaðar. Þarf að sinna

Þórsmerkurvegi miklu betur. Heilsárs starfsemi er í Þórsmörk og umferð allt árið. Góður vegur verði að Gígjökli, allir sammála því.

Brú yfir Skaftá til að komast í Laka. Langisjór – Laki er flottur hringur og metnaðarfull hugmynd.

Tindfjöll, margir sem fara þangað á skíði. Hefur verið umræða um skíðasvæði þar. Mikil umferð þar s.l. sumar. Búið að gera kannanir á snjóalögum þarna. Hugmyndir um þryluförir með skíðafólk. Torfær fjallvegur um einkaland í dag.

Vegirnir þurfa að vera það góðir að ekki sé verið að keyra utanvega, hvort sem ár eru brúaðar eða ekki.

Tækifæri með hringleið umhverfis Heklu. Rauðaskál er einstakur staður, þangað ætti að vera heilsársvegur um Landmannaleið.

### Heilsársvegir og samanburður á Kjalvegi og Sprengisandi

Heilsársvegur ef tenging milli landshluta á að nýtast. Þarf samt að vera hægt að loka vegunum ef veðurspá er slæm. Fjarskipti eru forsenda fyrir heilsársvegi. Sprengisandur verði opinn 6-8 mánuði. Sprengisandsleið verði heilsársvegur frekar en Kjalvegur. Liggur samt hærra en Kjalvegur. Sprengisandsleið gagnlegri leið sem almennilegur vegur og helst að leggja raflínu/streng við hliðina á honum.

### Skálar

Rætt um Háumýrar eða Nýjadal sem hálendismiðstöð. Tengist því hvar framtíðar veglína verður yfir Sprengisand en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort vegurinn liggir um Háumýrar eða nálægt Nýjadal. Eðlilegt er að það sé þjónusta við veginn.

Jaðarmiðstöðvar. Lyfta Húsadal eða því svæði, einkum norðurbakka Markarfljóts. Þá er ekki eins mikil uppbygging í Þórsmörk heldur utan svæðisins.

Í rammaskipulagi fyrir Suðurhálendið voru Landmannalaugar skálasvæði og ekki gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu þar.

Tengja Áfangagil betur við Dómadalsleið, setja þá veglínu inn á tillöguna. Betra vegstæði og hægt að gera betri veg sem nýtist fleirum. Til skammar að ekki sé betri vegur að Heklu og fær stóran hluta ársins. Það þarf sæmilega uppbyggðan veg að Rauðuskál, betra aðgengi að Heklu og ferðamenn fljótari í burtu ef fer að gjósa.

Gert ráð fyrir uppbyggingu við Hafrafell, þar verði jaðarmiðstöð. Margt sem er þar í nágrenninu, gönguleiðir, Valagilin tvö, Austurdalur, Helludalur, mikil auðn.

Foss verði óbreytt, er utan skipulagssvæðis.

Rætt var um mögulega vegtengingr frá Hafrafelli í Tindfjöll? Stikaðar leiðir frá Hungurfit.

Álftavatn og Hvanngil. Betri aðstaða fyrir hestahópa í Hvanngili en göngufólk meira í Álftavatni. Báðir staðirnir verða áfram, eðlileg samkeppni er á milli þeirra og staðirnir höfða til mismunandi markhópa.

Versalir eru nýttir sem gisting fyrir veiðimenn. Spurning um víðara hlutverk staðarins ef Sprengisandsleið verður breytt.

Rafmagn á að vera á skálasvæðum, ekki vera með rafstöðvar. Enginn hávaði af rafmagni eins og er af rafstöðvum. Þegar er komið rafmagn í Veiðivötnum og Hólaskjól ásamt einhverjum skálum á Kili.

### Verndarheildir og mannvirkjabelti

Hugmyndin er að virkjanaframkvæmdir verði utan þeirra verndarsvæða sem verða skilgreind og skerði helst ekki víðerni. Gerð var lauslega grein fyrir virkjanakostum í verndarflokki og biðflokki, skv. rammaáætlun 2 og 3.

Fjallað var um dreifikerfi raforku, þ.e. tengingu yfir Sprengisand eða hringtengingu með viðbótarlínu yfir Fjallabakssvæðið, skv. Kerfisáætlun.

Skynsamlegar hugmyndir að setja jarðstreng á 50 km kafla á Sprengisandi. Líka rask af jarðstreng. Hægt að fela línuna. Þurfum á því að halda að flytja rafmagn norður. Kemur góður vegur í leiðinni. Vera vakandi yfir jafnstraumsstreng sem valkosti, verður hagkvæmari kostur í framtíðinni.

Að mestu leyti er hægt að afmarka verndarheildir þannig að ekki verði innan þeirra miðstöðvar, stofnvegir, virkjanir eða flutningskerfi.

Frekar að virkja á þegar röskuðum svæðum. Torfajökulssvæðið ekki líklegt til að verða virkjað.

Hluti af stefnumörkun í vinnunni getur verið að virkjanakostir í biðflokki verði felldir út/settir í verndarflokk. Sammála um að virkjanakostir á Torfajökulssvæðinu fari í verndarflokk.

Í skipulagslýsingu verði skilgreindar verndarheildir þar sem er lítið um mannvirki. Skálar verði sjálfbærir um orkuframléiðslu, möguleiki verði á smávirkjunum. Nýta þarf möguleika á staðnum til orkuframléiðslu.

Í vinnu við þjóðgarð á miðhálandinu var ekki fjallað um þennan valkost sem er til umfjöllunar í svæðisskipulagsvinnunni.

### Önnur mál

Fjallað lauslega um framhald vinnunnar, skipulagslýsingu og stöðuskýrslu sem verður lögð fram í árslok. Einnig framhald vinnunnar á næsta ári.

Mikil og flott vinna sem við erum í. Náum betur saman með því að vera í minni vinnuhópi. Meiri dýpt í vinnunni. Búin að vinna okkur í haginn og hefur ráðherra lítið til þessarar vinnu.

### 3. Fundur 2 – Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur

Skipulagssvæðið fylgir þjóðlendulínunni.

#### Samgöngur

Unnið að flokkun vega í endurskoðun ask í Skaftárhreppi. Sú flokkun nýtist í þessa vinnu.

Fjallabaksleið nyrðri. Mikill kostnaður að gera veginn fólksbílafæran. Landið ekki tilbúið að taka við viðbótarumferð sem hlýst af fólksbílafærum vegi. Innviðir ekki tilbúnir til að taka við viðbótarumferð/fjölgun ferðamanna. Sér ekki fyrir sér að brúa Fjallabaksleið nyrðri.

Fjallabaksleið nyrðri verði alvöru vegur til að fá ferðamennina á staðinn. Líka spurning að hverju ferðamenn eru að leita.

Gott plan skv. rammaskipulaginu. Miðstöðvar á jöðrum hálendisins og uppbyggingin þar. Vilja vera vel tengd við hálendisleiðina en sjá ekki fyrir sér að hafa veginn opinn allt árið. Hugmyndir um veg með slitlagi í Hólaskjól. Ef gera á hálendismiðstöðvarnar betri þá kallar það á betri vegi. Ekkert sem mælir á móti betri vegum.

Kjalvegur kominn lengra í uppbyggingu og ekki eins afskiptur og Sprengisandur. Vetrarveðrin erfið. Kjalvegur liggur beinna við, styttri leið og meira uppbyggður. Sprengisandur stærra verkefni en þjónar Skaftárhreppi betur. Opnunartími verði 6-8 mánuðir á ári vegna veðurs.

Göngubrú á Skaftá hefur lengi verið á dagskrá. Mikilvægt að hún verði að veruleika.

Of mikið rask að setja veg milli Laka og Langasjávar, með brú á Skaftá.

Skýrsla Önnu Dóru o.fl. um hringleið um uppbyggðan veg í Laka. Þá var hræðsla um að missa gistingu í sveitarfélaginu og ferðamenn færi hraðferð í gegnum Skaftárhrepp.

Leiðólfssfellsleiðin og Miklafellsleiðin, nýtist bændum vel. Leiðin um Blæng og Miklafell kemur líka til greina. Er í skoðun í aðalskipulagsvinnunni. Lítillega uppbyggður vegur. Má ekki vera of fljótferð.

#### Skálar

Miklafell verði skálasvæði. Vantar eitthvað á austurhluta svæðisins, einhvern inngang á það svæði. Greið leið í Miklafell og hægt að gera betri veg. Var hugmynd um að fara úr Miklafelli í Galta en ekki að Blæng. Er þannig í aðalskipulagi Skaftárhrepps.

Vannýtt svæði umhverfis Atley og á Syðri-Fjallabaksleið austanverðri. Staðsetning verður skoðuð betur í endurskoðun aðalskipulags. Hugsanlegt að gera ráð fyrir skálasvæði við Atley/Framgil.

Blágil er skálasvæði og Miklafell verði það líka.

Hólaskjól, vill sjá það sem jaðarmiðstöð með góðum vegi.

## Verndarheildir og mannvirkjabelti

Tveir virkjanakostir eru til skoðunar í ask. Skaftárhrepps. Hnútuverkjun er á gildandi ask (Hverfisfljótsverkjun). Verkjunin hefur áhrif á víðerni. (Skoða þarf nánar staðsetningu í aðalskipulagi Skaftárhrepps). Hnútuverkjun er líkleg til að skerða víðerni.

Önnur hugmynd er í Skaftárdal (neðan þjóðlendu). Er ekki á ask.

Góð framsetning á verndarheildum og mannvirkjabeltum. Eðlilegt að viðkomandi sveitarfélög hafi skoðun á virkjanakostum og línunum í sínu sveitarfélagi.

### Annað

Greint frá því að ekki hafi verið vilji hjá sveitarfélögunum að fara inn á einkalönd. Ákveðið að taka endanlega ákvörðun í hverju sveitarfélagi fyrir sig um hvernig afmörkunin yrði. Hugsanlegt að einhverjir landeigendur vilji vera með í verkefninu. Í skipulagslýsingu fyrir verkefnið verður greint frá að miðað sé við þjóðlendulínu. Landeigendur geta þá sent inn ábendingu um að þeir vilji að land þeirra sé innan skipulagssvæðisins.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig kynning á skipulagslýsingu fer fram.

Leitumst við að einfalda vinnuna frá því sem upphaflega var farið af stað með. Fjallað verður nokkuð ýtarlega um valda þætti en minna um aðra.

Rætt um afmörkun víðerna og hvaða þættir það eru sem skerða víðerni. Víðerni eru dregin í 5 km fjarlægð frá stofnvegum, miðlunarlónum, háspennulínunum, miðstöðvasvæðum og skálasvæðum.

Erfitt í umsjá með svæðunum að bil sé á milli verndarsvæða. S.s. svæðið á milli Vatnajökulsþjóðgarðs og Friðlands að Fjallabaki er n.k. einskismanns land.

Hluti svæðisins er undir ýmis konar vernd. Hægt að setja verndarheildirnar, sem eru ekki verndaðar, undir hverfisvernd. Verndarheildirnar eru innlegg í umræðuna um hálendisþjóðgarð. Eðlileg nálgun að setja þetta fram með þessum hætti. Gott að setja þetta fram lagskipt til að sjá hvernig þetta fellur allt saman.

## 4. Fundur 3 – Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Árborg

Helgi Kjartansson var á fundinum sem áheyrnarfulltrúi.

Sveitarfélögin ákveða hvaða þættir eru teknir fyrir í svæðisskipulagi.

### Samgöngur

Línuvegurinn frá Háafossi til vesturs verði landsvegur. Fossáin samt ákveðinn farartálmi. Vinnuvegur Landsverkjunar, þarf að ræða við hana í ferlinu. Bent á að Skjaldbreiðarvegur sé landsvegur, hann er að stofninum til línuvegur.

Fara með landsveg fyrir sunnan Leppistungur, ekki veginn sem er blámerktur á uppdrætti 08. Sveitarfélagið skoðar betur útfærslu þessarar leiðar.

Ekki vilji fyrir landsvegi um Gnúpverjafrétt í Setrið.

Byggja Kjalveg upp og gera hann betri sem heilsársveg.

Ekki viss um að kominn sé tími á Sprengisandsleið sem heilsársveg. Er víða óvegur og líklega erfitt að halda þeim vegi opnum.

Háspennulínunum fylgir línuvegur.

Fyrir ferðapjónustuna væri gott að Fjallabaksleið nyrðri væri ágæt leið og greiðfær fyrir jeplinga.

Spurning hvort eigi að vera landsvegur eða jafnvel stofnvegur í Kerlingarfjöll. Þangað á að vera fært allt árið, sérstaklega ef á að halda Kjalvegi opnum.

## Skálar

Ekki er þörf á að breyta flokkun skálanna á Gnúpverjafrétti. Helst Klettur sem ætti að færa upp í skálasvæði ef einhverjar breytingar verða gerðar. Mesta umferð ferðamanna er í Kletti og Hallarmúla, aðallega hestamenn. Aðeins ferðamenn í Gljúfurleit og Tjarnarveri. Aðalskipulagið nýlega búið og ekki áherslubreytingar þar.

Þó línuvegurinn frá Hólaskógi verði landsvegur er ekki ástæða til að lyfta Helgaskála í skálasvæði, stutt þaðan í Hólaskóg.

M.v. áformin í Reykholti í Þjórsárdal þá gæti Klettur notið góðs af því.

Byggingaráform. Landslagið þarf alltaf að ráða einhverju um það. Kemur nánar fram í deiliskipulagstillögum. Mikilvægt að vanda til bygginga á hálendinu og setja skilmála um að það skuli gert og hvernig.

Rafvæðing skála. Heimila rafvæðingu skála ef það er hægt. Búið að rafvæða nokkra skála á hálendinu nú þegar. Möguleiki að vera með vindrafstöðvar. Ekki æskilegt að vera með díselrafstöðvar vegna mengunarhættu og hljóðvistar. Hugsanlega heimila minni örvirkjanir til að sjá stöðunum fyrir rafmagni. Loftslagsmál.

Í sambandi við miðhálandisþjóðgarð er unnið með Árbúðir sem hálendismiðstöð, Hólaskóg sem miðstöð og Landmannalaugar virka sem stærri staður.

## Verndarheildir og mannvirkjabelti

Farið var yfir virkjanakosti sem eru í verndarflokki og biðflokki skv. rammaáætlun 2 og 3.

Ekki vilji hjá Hrunamannahreppi fyrir virkjanir í Stóru-Laxá. Til í Hagavatnsvirkjun sem fyrst. Í aðalskipulagi Bláskógabyggðar kemur fram að sveitarfélagið er hlynnt Hagavatnsvirkjun.

Vindlundur í Skáldabúðum er í byggð. ATH hvort hann skerðir víðerni innan svæðisins.

Möguleiki á næstu árum að það verði byggðir vindlundir á jaðarsvæðum hálendisins.

Farið var yfir hugmyndir um styrkingu raforkukerfisins skv. kerfisáætlun. Mögulega tengingu yfir Sprengisand eða nýja línu yfir Fjallabaksvæðið, á svipuðum stað og núverandi Byggðalína.

Fjallasel hafa ekki áhrif á víðerni í flestum tilfellum. Yfirleitt lítil uppbygging, 1-2 hús.

Ef ekki kemur til virkjunar Stóru-Laxár er einfalt að afmarka víðerni eins og þau eru sett fram á uppdrætti 9. Þessi virkjun skiptir Skeið- og Gnúp litlu máli. Of mikil umhverfisáhrif af virkjuninni m.v. framleiðslugetu. Virkjanabeltið færirst vestar ef kemur til virkjunar í Stóru-Laxá.

Landsvirkjun vinnur að stækkun virkjana á Þjórsár-Tungnaársvæðinu til að geta framleitt meiri raforku á móti raforkuframleiðslu með vindorku.

Búðartunguvirkjun er komin stutt í ferlinu. Engin vilji fyrir henni í Bláskógabyggð, er rétt fyrir ofan Gullfoss.

Skynsamlegt að vera með beltaskipta landnotkun, verður meiri sátt um þetta svoleiðis. Nálgun sem hægt er að vinna með.

Gengur ekki upp að setja allt svæðið sem þjóðgarð og taka virkjanir út fyrir sviga.

## **Annað**

Gerum ráð fyrir að vera með tillögu að svæðisskipulagi í góðum drögum í lok árs 2021 eða snemma árs 2022.

## **5. Fundur 4 – Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur**

### **Samgöngur**

Stofnvegir verði opnir 6-8 mánuði á ári, fer eftir snjóalögum.

Þarf að lyfta Kjalvegi á hærri stall, hann sé opinn eins lengi og hægt er og hann sé lagaður. Stofnvegur með mikilli umferð. Hefur alls ekki verið í lagi s.l. sumar, ekki fær öllum bílum. Kjalvegur sé opinn 6-8 mánuði. Á Kjalvegi eru árnar brúaðar. Kjalvegur verði klæddur, umhverfis- og öryggismál.

Kaldadalsvegur. Tenging við Vesturland langt komin. Frekar að setja hann hærra upp í flokkun. Pressa frá ferðapjónustunni um að bæta Kaldadalsveg. Á Kaldadalsvegur að enda í Húsafelli eða hvar er fyrirhugað að hann endi? Þyrfti að bæta Uxarhryggjaveg til að þetta sé alvöru framkvæmd. Þarf að klára Kaldadalsveg/Uxarhryggjaveg.

Byggja Kjalveg upp frekar en Sprengisandsleið, einfaldara og betra vegstæði og ætti að geta unnist hraðar. Betri tenging við Norðurland sem léttir á þjóðveginum. Í aðalskipulagi Bláskógabyggðar er gert ráð fyrir smávegis breytingu á veglínunni vegna snjóalaga.

Vegir í nágrenni Skjaldbreiðar. Ekki miklar þælingar í GOGG um breytingar þar. Línuvegurinn norðan Skjaldbreiðar er fín leið að fara og góð tenging milli Gullfoss og Þingvalla. Skynsamlegra að leggja áherslu á stofnvegina. Lítið hefur heyrst um óskir um vegina umhverfis Skjaldbreið, fjallmenn vilja þó aðeins betrumbæta þá. Línuvegurinn getur hugsanlega verið opinn eitthvað lengur og er möguleg ferðamannaleið. Passar vel að línuvegurinn verði færður upp um flokk. Skerðir ekki víðerni þar sem hann liggur samhliða háspennulínunum. Uppbygging verði við þennan veg.



Umræður um hvort þurfi að forgangsraða uppbyggingu á vegum, t.d. Kjalvegi og Sprengisandsleið. Gerð grein fyrir að á Sprengisandi séu tvær óbrúaðar jökulár auk nokkurra minni lækja sem eru óbrúaðir.

Fjallað um línurit sem sýnir SDU á stofnvegum. Rætt um að mesta umferðin sé á Fjallabaksleið nyrðri í Landmannalaugar enda er sá vegur nánast fólksbílafær. Mjög lítil umferð um Sprengisandsleið enda er sá vegur lélegur.

Kjalvegur, Kerlingarfjallavegur og Kaldadalsvegur verði opnir stóran hluta ársins.

## Skálar

Farið yfir flokkun skála skv. landsskipulagsstefnu. Flokkunin er sú sama og í svæðisskipulagi miðhálandisins. Kominn tími á að yfirfara og uppfæra þessa flokkun.

Hagavatnsskáli á að fara niður í fjallasel og Gíslaskáli upp í skálasvæði, eðlileg breyting m.v. núverandi starfsemi og mannvirki á þessum stöðum. Hugsanlega fínt að Hagavatnsskáli sé skálasvæði þegar Hagavatnsvirkjun verður komin. Vonir um betri veg ef til virkjunar kemur og þá möguleika á uppbyggingu ferðaþjónustu.

Þjónustumiðstöðin á Þingvöllum og á Gullfossi virka sem jaðarmiðstöðvar fyrir hálandið.

Skálarnir norðan Skjaldbreiðar. Verið að stofna lóðir umhverfis þá. Hvernig á að skilgreina þessa skála í vinnunni? Ef línuveginum verður gert hærra undir höfði þá eru þessir skálar í vegkantinum.

Rafvæðing. Fínt að fá rafmagn í Fremstaver. Komið rafmagn í Geldingafell, Árbúðir, Gíslaskála. Eðlilegt að fá rafmagn í alla helstu skála ef það er hægt.

## Verndarheildir og mannvirkjabelti

Framsetningin hljómar vel, líst vel á hugmyndirnar. Tengist vel við landsskipulagsstefnu að flestu leiti. T.d. að skerða ekki víðerni, verndarheildirnar taka yfir stærstan hluta víðernanna. Notum skilgreiningar landsskipulagsstefnu á vegum eftir því sem hægt er en þó er mögulegt að verði einhver frávik frá því. Einnig möguleiki að skilgreiningar á skálum víki frá landskipulagsstefnu.

Eru ekki sammála því að landsskipulagsstefna sé það sem fara skal eftir að öllu leyti. Mikilvægt að setja fram tillögur í vinnuhópnum óháð landsskipulagsstefnu.

Eigum að stefna að því að flutningskerfi raforku verði eins mikið í jörðu og mögulegt er. Þetta þarf að koma fram sem markmið í vinnunni.

Skilgreinum verndarheildir í þessari vinnu og setjum þær undir hverfisvernd með ákveðnum verndarákvæðum. Seinni tíma útfærsla hvort verndarheildirnar verði þjóðgarður eða njóti annars konar verndar.

Markvisst að vinna þetta í minni hópum og skilar fínum árangri.

## Annað

Fundir voru með fulltrúum sveitarfélaganna og umhverfisráðuneytisins í september. Rætt var um hvar gestastofur/móttökustöðvar ættu að vera í hálendisþjóðgarði. Einnig rætt um umdæmisráð fyrir þjóðgarðinn.

S.l. vor var einnig fundur þar sem rætt var um að hvert sveitarfélag hefði neitunarvald á stjórnunar- og verndaráætlun. Virðist ekki hafa verið úthugað af hálfu ráðuneytisins.

Spurt hvort við þurfum að hafa flugumferð og dróna í huga í vinnunni og setja stefnu-mörkun um það. E.t.v. setja almenna stefnu um þetta.